

Mál nr. 67/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 7. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málgögnum kemur fram að hinn 6. júní 2024 hafi M lent í árekstri á Vefarastræti í Mosfellsbæ er hún tók vinstri beygju af biðskyldu í veg fyrir umferð og ók inn í hlið annarrar bifreiðar. Daginn eftir leitaði M á heilsugæslu og kvartaði undan verkjum í hálsi og eyra. Þann 9. júní 2024 leitaði M svo á bráðamóttöku Landspítalans vegna skyndilegrar máttminnkunar vinstra megin í andliti og var þar greind með Bell's palsy andlitslömum. Skráð er koma á göngudeild Landspítalans dagana 20. júní 2024, 2. júlí 2024 og 6. ágúst 2024 vegna sömu einkenna sem þó voru sögð á batavegi. Við síðustu skoðun var búist við fullum bata á næstu 2-3 mánuðum. Vegna einkenna sinna gerði M kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr slysátryggingu ökumanns A hjá V. Með bréfi, dags. 23. janúar 2025, hafnaði V að greiða fyrir annað en fyrstu komu M á heilsugæslu daginn eftir slysið á grundvelli þess að ósannað væri að M hefði hlotið varanleg einkenni vegna slyssins. Máli sínu til stuðnings vísaði V til fyrirbyggjandi PC-crash útreiknings sem V aflaði.

M mótmælir því að einhliða öfluð PC-crash skýrsla verði notuð við afstöðutöku og aðra vinnslu málsins, m.a. við mat á því hvort að af árekstrinum hafi hlotist líkamstjón. Enda mæli PC-crash högg á bifreið en ekki á líkama. Slík skýrsla geti ekki verið gagn við mat á líkamstjóni, enda séu líkamstjón metin af þar til bærum aðilum með þar til gerða sérfræðipækkingu. Samkvæmt núgildandi réttarframkvæmd, hafi umþrætt gagn ekkert sönnunargildi þegar þess er aflað einhliða og því mótmælt, eins og á við í þessu tilviki. Vísar M til dóma og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða V að áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnu eða varanlegu líkamstjóni. Þyngdarhröðun af högginu hafi verið 0,33G sem sé minni þyngdarhröðun en sem fæst af ýmsum daglegum athöfnum eins og t.d. setjast í stól eða ganga niður tröppur. Telur V ómögulegt að áreksturinn hafi valdið yfirréttu á hálsvöðvum og þar með tognun og einnig að hann hafi valdið andlitslömum enda sé orsök slíkra veikinda yfirleitt veirusýking. M hafi ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins og liggi því ekki fyrir matsgerð þar sem tekin sé afstaða til orsakatengsla milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess eða ítarlegt vottorð lækni sem staðfestir slík orsakatengsl.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 6. júní 2024. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þrátt fyrir að sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar viðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að um vægan árekstur var að ræða. Fyrir liggur að M leitaði til lækni á heilsugæslu daginn eftir og lýsti þar verki í hálsi og eyra. Næst leitaði hún á bráðamóttöku Landspítalans 9. júní 2024 og var þar greind með svokallaðan Bell's palsy andlitslömum. Eftir það voru skráðar nokkrar komur á göngudeild LSH vegna þeirra einkenna og er síðasta koman skráð 6. ágúst 2024. Í málskoti er því haldið fram að M hafi verið í meðferð hjá læknum og sjúkrahjálfara vegna þeirra einkenna. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn líkt og skýrsla sjúkrahjálfara, læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta hvorutveggja að orsakatengsl séu til staðar milli Bell's palsy andlitslömunar og árekstursins 6. júní 2024 og að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum. M ber hallann af sönnunarskorti um að líkamstjón

hennar megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþolar verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón í árekstrinum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir